



Maí 2018

# Skýrsla Ytra mat á frístundstarfi Frístundaheimilið Laugarsel



**Ritun skýrslu :**

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

Hulda Valdís Valdimarsdóttir

Sigrún Sveinbjörnsdóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

*Fylgiskjal: Helgi Grétar Helgason*

## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	4
Frístundaheimilið Laugarsel .....	4
Greining .....	6
Stjórnun .....	9
Frístundastarf.....	11
Mannauður .....	13
Staðarbragur.....	14
Innra mat .....	15
Fylgiskjal 1: Rekstarniðurstaða 2014-2017.....	16

## INNGANGUR

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum ytra mats í Laugarseli sem fór fram í maí 2018. Matið var framkvæmt af fjórum starfsmönnum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar en auk þeirra tók Herdís Snorradóttir, deildarstjóri barnastarfs í Miðbergi, þátt í matinu.

**Meginstef ytra mats á frístundastarfi er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.**

**Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.**

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum frístundastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Frístundastarf
- III. Mannauður
- IV. Staðarbragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að öll frístundaheimili fái sambærilegt ytra mat en gert er ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist frístundamiðstöðvum við innra mat.

Ytra matið byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, vettvangsathugunum í frístundaheimilinu og skriflegum gögnum frá frístundaheimilinu. Vettvangsheimsóknir og rýnihópar fóru fram 22.-29. maí 2018.

## FRÍSTUNDAHEIMILIÐ LAUGARSEL

Frístundaheimilið Laugarsel er staðsett við Laugarnesskóla, Kirkjuteig 24, 105 Reykjavík. Það er fyrir börn í 1.-2. bekk og er starfrækt á virkum dögum eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur frá kl. 13:30-17:00 og frá 08:00-17:00 þegar frí er í skólanum en þá er auglýst sérstaklega eftir skráningu þeirra barna sem ætla að nýta sér þjónustuna. Laugarsel er eitt af átta frístundaheimilum sem tilheyra Kringlumýri, sem er frístundamiðstöð Laugardals og Háaleitis en Kringlumýri sér einnig um rekstur fimm félagsmiðstöðva og frítímastarfs fatlaðra.

Í nóvember 2017 hlutu frístundaheimilið Laugarsel og Laugarnesskóli viðurkenningu UNICEF sem réttindafrístund og réttindaskóli. Í verkefninu var byggð brú á milli skólans og frístundaheimilisins þar sem unnið var sameiginlega að innleiðingu Réttindaskólaverkefnisins. Réttindafrístund og réttindaskóli byggir á hugmyndafræði fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna eftir líkaninu leggja Barnasáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum.

Laugarsel og Laugarnesskóli hafa tengt Barnasáttmálann á ýmsan máta í starfið og kennt börnum um réttindi sín í máli og myndum. Meðal annars hafa þau tengt ákveðin ákvæði úr Barnasáttmálanum myndrænt við ólíka þætti í hefðbundnu starfi, leitt listaverkefni þar sem fjallað er um réttindi barnanna, skoðað hverfið með gagnrýnum augum og reglulega haldið „mikilvægan fund“ þar sem börnin ræða um og kjósa um hugmyndir sem koma upp úr hugmyndakassa á frístundaheimilinu. Þetta er liður í því að börnin hafi áhrif á starfið og þau hafi tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Forstöðumaður Laugarsels er Stella Björg Kristinsdóttir og aðstoðarforstöðumaður er Lilja Marta Jökulsdóttir. Þegar ytra matið fór fram voru 18 aðrir starfsmenn í misjöfnum starfshlutföllum, 7 karlar og 11 konur.

## GREINING

### Styrkleikar:

Forstöðumenn rækta samskipti við börn, starfsfólk, samstarfsaðila og foreldra í daglegu starfi. Þeir hafa uppeldis- og menntunarsýn, miðla henni til starfsfólks og hvetja það markvisst til að nýta styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi. Forstöðumenn sjá til þess að lýðræðislega sé unnið að ákvarðanatöku í daglegu starfi.

Forstöðumenn kynna fyrir starfsfólki möguleika til símenntunar og símenntunaráætlun liggur fyrir. Í henni koma fram áherslur starfsstaðarins og tenging við þróunar- og umbótastarf en unnið er að þróunarverkefnum (Vináttuverkefni og Réttindaverkefni UNICEF) og starfsstaðurinn tekur þátt í formlegu hverfasamstarfi. Gott samstarf er við frístundamiðstöðina Kringlumýri. Við ráðningu nýrra starfsmanna er farið eftir lögbundnu ráðningarferli, aflað upplýsinga hjá Sakaskrá og starfsmenn undirrita yfirlýsingu um trúnað í starfi. Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum og nýjir starfsmenn fá að vera „skuggastarfsmenn“ fyrstu vikuna í starfi með reyndum starfsmanni. Starfsfólk fær kynningu á starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar, viðverustefnu og starfslýsingum, það fær reglulega fræðslu um öryggismál, slys og forvarnir og í rýnihópi starfsmanna kom fram að það þekkir og vinnur eftir öryggisverkferlum og þekkir ábyrgð sína og verklag um tilkynningaskyldu vegna barnaverndarmála. Stjórnendur leggja áherslu á að tryggja að erlendir starfsmenn fái nauðsynlegar upplýsingar eins og aðrir starfsmenn.

Aðgerðaráætlun fyrir starfsárið liggur fyrir og áætlanir um þjónustu við börn sem þurfa á stuðningi að halda eru fyrir hendi og starfsfólk vinnur samkvæmt þeim. Forstöðumaður situr teymisfundi vegna barna sem eru að koma úr leikskóla eða öðrum grunnskólum með sértækan stuðning og fundar með foreldrum eftir þörfum. Verkerlar varðandi umsóknir um sértækan stuðning og vinna með einstaklingsáætlanir eru til fyrirmyndar.

Verkaskipting starfsfólks er mjög skýr og starfsmenn vel upplýstir um hlutverk sitt. Starfsfólk hefur svigrúm til að undirbúa daglegt starf, vel er haldið utan um upplýsingar um starfsemina og myndrænt skipulag fyrir starfsemina er mjög gott. Samstarf við grunnskóla um samnýtingu húsnæðis er til fyrirmyndar. Vel er haldið utan um móttöku og skráningu barna og skipulagið er mjög gott.

Samstarf við foreldra er mjög gott og upplýsingum er reglulega miðlað til þeirra, m.a. á fésbókarsíðu og heimasíðu en auk þess eru tölvupóstar sendir til foreldra. Foreldrar í rýnihópi höfðu jákvætt viðhorf til starfsins, þeim finnst verkefnið sem börnin takast á við fjölbreytt og uppbyggileg og foreldrum finnst vera góð samfella í degi barna með tilliti til annars frístundastarfs. Spurningum foreldra er svarað greiðlega af starfsfólki að því er fram kom í rýnihópi foreldra.

Börnum, starfsfólki og foreldrum finnst að þau geti komið skoðunum sínum á framfæri og haft áhrif en leitað er eftir sjónarmiðum barna þegar teknar eru ákvarðanir um starfið með fjölbreyttum leiðum í anda barnalýðræðis og Barnasáttmála en frístundaheimilið hefur fengið viðurkenningu fyrir að vera fyrsta réttindafrístundaheimilið í heiminum. Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni á hverjum degi, vel er haldið utan um valið og gott svigrúm er fyrir sjálfssprottna leiki og athafnir, t.d. er hugað að því að húsnæði og aðstaða ýti undir hlutverkaleiki og börnum er sköpuð aðstaða og tækifæri til daglegrar útveru og hreyfingar á skólalóð og í íþróttahúsi. Markvisst er unnið að því að efla félagsfærni barnanna.

Vel er gengið um húsnæði og aðstöðu frístundaheimilisins og börnin virkjuð til þátttöku í því verkefni að setja hluti á sinn stað og að umhverfið sé snyrtilegt. Sorp er flokkað og markvisst

unnið gegn matarsóun. Gætt er að varðveislu persónuupplýsinga og þær varðveittar í öruggu skjalavistunarkerfi.

Starfsfólk er jákvætt gagnvart þróun á starfinu og er stolt af því, það hefur trú á gæðum þess, er ánægt í starfi og telur að starf þess sé metið að verðleikum af yfirmanni og samstarfsfólki. Starfsfólk telur hæfni sína og þekkingu vel nýttá og finnst það geti haft áhrif á starfið. Starfsfólki finnst gaman í vinnunni, það er ánægt með starfsanda og samskipti á starfsstaðnum og telur að jafnræðis og jafnréttis sé gætt. Starfsfólki finnst það fá nauðsynlegar upplýsingar og veit til hvers er ætlast af því, það gefur sig að foreldrum og öðrum gestum sem koma, sýnir þjónustulund og svarar spurningum greiðlega. Starfsfólk er samtaka í að fylgja eftir reglum og viðmiðum í starfinu og það þekkir til helstu laga og reglugerða sem snúa að frístundastarfi með börnum. Starfsfólk kemur fram við öll börn af virðingu og umhyggju.

Andrúmsloftið á frístundaheimilinu einkennist af jákvæðni, gleði og virðingu. Börnunum líður vel og eru ánægð með frístundaheimilið. Þau finna fyrir öryggi í starfinu og eiga greiðan aðgang að starfsfólki.

### **Tækifæri til umbóta:**

Tækifæri liggja víða þó styrkleikar séu mjög margir í starfsemi Laugarsels. Aðgerðaráætlun ætti að birta með opinberum hætti, s.s. á heimasíðu starfsstaðarins og gera mætti verkefni úr jafnréttisáætlun Kringlumýrar sýnileg í aðgerðaráætluninni. Æskilegt væri að birta dagskrá frístundaheimilisins með góðum fyrirvara og senda foreldrum rafrænt, það á einnig við upplýsingar um skráningu vegna lengdra daga. Gera mætti gildi frístundaheimilisins sýnilegri á starfsstaðnum og gagnlegt væri að endurskoða reglur frístundaheimilisins með þátttöku barna. Æskilegt væri að hafa reglurnar sýnilegar á veggjum og/eða heimasíðu. Huga mætti að enn formlegra mati á starfinu með þátttöku barna og foreldra. Leita mætti leiða til að fá fram sjónarmið barnanna í vinnu við stefnumótun og starfsáætlun og sjónarmið foreldra varðandi gæði, þróun og framkvæmd starfsins, t.d. með könnunum frá Laugarseli. Þjóða mætti upp á foreldraviðtöl.

Skapa mætti fleiri tækifæri fyrir börnin til að koma fram, tjá sig og koma verkefnum sínum á framfæri, nýta nærumhverfið betur til að fara í reglulegar vettvangsferðir, bjóða upp á verkefni sem ná yfir lengri tíma og gefa tækifæri á að kafa dýpra í ákveðin viðfangsefni. Birta ætti upplýsingar um klúbba og/eða smiðjur inn á heimasíðu Laugarsels og leita mætti leiða til að nýta reynslunám enn frekar í starfi frístundaheimilisins. Skoða möguleika á að börnin taki ábyrgð á einstaka verkefnum í starfsemi og virkja þau í að skipuleggja eigin viðburði eða dagskrá. Einnig mætti skoða möguleika á öðrum viðfangefnum og/eða aukinni ábyrgð fyrir börn í 2. bekk.

Endurskoða mætti fyrirkomulag og lengd síðdegishressingar, mikilvægt er að starfsmenn kveðji börnin alltaf þegar þau fara og mikilvægt er að rýmingaræfingar séu reglulega haldnar með börnum og starfsfólki.

**Niðurstöður – yfirlit:**

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem dökkgrænt sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, ljósgrænt sýnir gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og rautt að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun	Frístundastarf	Mannauður	Staðarbragur
Forstöðumaðurinn sem leiðtogi	Skipulag starfs og starfsaðstæður	Fagmennska starfsfólks	Viðmót og menning
Stjórnun stofnunar	Uppeldi og menntun	Starfsánægja	Velferð og líðan barna
Verklagsreglur og áætlanir	Starfshættir og viðfangsefni		Foreldrasamstarf
Faglegt samstarf	Virk þátttaka og lýðræði		
Þróun og nýbreytni	Mannréttindi og margbreytileiki		

**Vísbendingar um gæðaviðmið sem fengu stjörnu:**

- ★ Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn er til og farið er eftir henni.
- ★ Áætlanir um þjónustu við börn og unglinga sem þurfa á stuðningi að halda eru fyrir hendi og starfsfólk vinnur samkvæmt þeim.
- ★ Leitað er eftir sjónarmiðum barna þegar teknar eru ákvarðanir um starfið, eftir því sem við á.
- ★ Unnið er að þróunarverkefnum.
- ★ Starfsfólk er ánægt í starfi.



## STJÓRNUN

### Það sem vel er gert:

- Forstöðumenn leggja rækt við samskipti við börn, starfsfólk, samstarfsaðila og foreldra í daglegu starfi.
- Starfsfólk þekkir hugmyndafræði, stefnu og gildi frístundaheimilisins.
- Börnum, starfsfólki og foreldrum finnst að þau geti komið skoðunum sínum á framfæri og haft áhrif.
- Forstöðumenn hafa uppeldis- og menntunarsýn og miðla henni til starfsfólks og annarra samstarfsaðila.
- Forstöðumenn sjá til þess að lýðræðislega sé unnið að ákvarðanatöku í daglegu starfi.
- Forstöðumenn hvetja starfsfólk markvisst til að nýta styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi.
- Myndrænt skipulag fyrir starfseminu er mjög gott.
- Starfsfólk þekkir starfslýsingu sína.
- Starfsfólk hefur svigrúm til að undirbúa daglegt starf.
- Starfsfólk hefur m.a. fengið kynningu á starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar, viðverustefnu og starfslýsingum.
- Vönduð móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn hefur verið gerð og farið er eftir henni.
- Vel er haldið utan um upplýsingar um daglega starfsemi.
- Gætt er að varðveislu persónuupplýsinga og þær varðveittar í öruggu skjalavistunarkerfi.
- Forstöðumenn veita starfsfólki reglulega endurgjöf.
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er farið eftir lögbundnu ráðningarferli, aflað upplýsinga hjá Sakaskrá og starfsmenn undirrita yfirlýsingu um trúnað í starfi.
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.
- Gott samstarf er við frístundamiðstöðina Kringlumýri.
- Forstöðumenn nýta fjármagn á hagkvæman hátt í þágu barna og unglunga.
- Stjórnendur leggja áherslu á að erlendir starfsmenn fái nauðsynlegar upplýsingar eins og aðrir starfsmenn.
- Aðgerðaráætlun fyrir starfsárið liggur fyrir.
- Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál, slys og forvarnir.
- Starfsfólk þekkir og vinnur eftir öryggisverkferlum.
- Starfsfólk þekkir ábyrgð sína og verklag um tilkynningaskyldu vegna barnaverndarmála.
- Áætlanir um þjónustu við börn sem þurfa á stuðningi að halda eru fyrir hendi og starfsfólk vinnur samkvæmt þeim.
- Starfsfólk þekkir og vinnur eftir framkvæmdaáætlun frístundamiðstöðvar um jafnrétti og mannréttindi.
- Nauðsynlegum upplýsingum er miðlað til starfsfólks, t.d. á reglulegum starfsmannafundum og á starfsdögum.
- Markvisst er leitað eftir hugmyndum starfsfólks til að auka fjölbreytni í starfinu.
- Samstarf innan starfsmannahópsins er gott.
- Leitað er eftir sjónarmiðum barna þegar teknar eru ákvarðanir um starfið.
- Starfsfólk hefur frumkvæði að samskiptum við foreldra.
- Forstöðumaður situr skilafundi vegna barna með sérstakar þarfir sem eru að koma úr leikskóla eða öðrum grunnskólum.
- Starfsstaðurinn tekur þátt í formlegu hverfasamstarfi.
- Starfsfólk er í góðu samstarfi við aðra í hverfinu sem vinna með börnum.
- Nýjir starfsmenn eru „skuggastarfsmenn“ fyrstu vikuna í starfi og fylgja reyndum

starfsmanni.

- Unnið er að þróunarverkefnum.
- Símenntunaráætlun liggur fyrir og í henni koma fram áherslur starfsstaðarins og tenging við þróunar- og umbótastarf.
- Forstöðumenn kynna fyrir starfsfólki möguleika til símenntunar, s.s. styrki, námskeið, ráðstefnur, fræðsluefni á netinu og erlent samstarf.
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin við starfsfólk a.m.k. árlega.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Æskilegt væri að birta dagskrá frístundaheimilisins fyrir hvern mánuð fyrirfram og senda foreldrum rafrænt.
- Aðgerðaráætlun ætti að birta með opinberum hætti, s.s. á heimasíðu starfsstaðarins.
- Mikilvægt er að rýmingaræfingar séu reglulega með börnum og starfsfólki.
- Leita ætti markvisst eftir sjónarmiðum foreldra varðandi gæði, þróun og framkvæmd starfsins, t.d. með könnunum frá Laugarseli.
- Bjóða mætti upp á foreldraviðtöl.
- Huga má að enn formlegra mati á starfinu með þátttöku barna og foreldra.

## FRÍSTUNDASTARF

### Það sem vel er gert:

- Skipulag er mjög gott og samstarf við foreldra og aðra sem koma að starfinu til fyrirmyndar.
- Fésbókarsíða er fyrir foreldra, auk þess er heimasíða og tölvupóstur sendir reglulega til foreldra.
- Verkaskipting starfsfólks er mjög skýr og starfsmenn vel upplýstir um hlutverk sitt.
- Vel haldið utan um móttöku og skráningu barna.
- Samstarf við grunnskóla um samnýtingu húsnæðis er til fyrirmyndar.
- Markvisst er unnið að því að efla félagsfærni barnanna.
- Vinna með Barnasáttmálann í samstarfi við grunnskólann og UNICEF hefur skilað sér í viðurkenningu sem réttindafrístundaheimili sem er einstakt í heiminum.
- Stuðningur við útinám og útilíf felur í sér reglulega þátttöku barnanna í spennandi verkefnum.
- Börnum er sköpuð aðstaða og tækifæri til daglegrar útiveru og hreyfingar á skólalóð og í íþróttahúsi.
- Vel er gengið um húsnæði og aðstöðu frístundaheimilis og börnin virkjuð til þátttöku í því verkefni að hlutir séu á sínum stað og að umhverfið sé snyrtilegt.
- Sorp er flokkað og markvisst unnið gegn matarsóun.
- Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangefni á hverjum degi og vel er haldið utan um valið.
- Komið er til móts við óskir barna um að skipta um viðfangsefni.
- Gefið er gott svigrúm fyrir sjálfssprotna leiki og athafnir.
- Hugað er að því að húsnæði og aðstaða yti undir hlutverkaleiki og sjálfssprottinn leik.
- Börnin taka virkan þátt í að móta viðfangsefni starfsins og val.
- Unnið er í anda barnalýðræðis og sú vinna tekin enn lengra með markvissri vinnu í anda Barnasáttmálans.
- Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að tryggja að hlustað sé eftir sjónarmiðum barnanna.
- Frístundaheimilið hefur fengið viðurkenningu fyrir að vera fyrsta réttindafrístundaheimili í heiminum sem er öðrum til eftirbreytni.
- Verkferlar varðandi umsóknir um sértækan stuðning og vinna með einstaklingsáætlanir eru til fyrirmyndar.
- Forstöðumaður situr teymisfundi vegna barna með sértækan stuðning og fundar með foreldrum eftir þörfum.
- Vináttuverkefnið er vel til þess fallið að styðja við þá einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu til þátttöku og félagslegrar virkni.
- **Tækifæri til umbóta:**
- Huga þarf að því að öll börn séu kvödd í lok dags.
- Nota ætti nýtt og uppfært form við gerð húsnæðissamnings við grunnskóla.
- Skapa fleiri tækifæri fyrir börnin til að koma fram, tjá sig og koma verkefnum sínum á framfæri.
- Nýta nærumhverfið betur til að fara í reglulegar vettvangsferðir.
- Endurskoða mætti fyrirkomulag og lengd síðdegishressingar.
- Bæta mætti upplýsingum um klúbba og/eða smiðjur á heimasíðu Laugarsels.
- Bjóða upp á verkefni sem ná yfir lengri tíma og gefa tækifæri til að kafa dýpra í ákveðin viðfangsefni.
- Sóknarfæri liggja í því að halda reglulega viðburði af fjölbreyttum toga.
- Leita mætti leiða til að nýta reynslunám enn frekar í starfi frístundaheimilisins.

- Leita leiða til að fá fram sjónarmið barnanna í vinnu við stefnumótun og starfsáætlun.
- Skoða möguleika á að börnin taki ábyrgð á einstaka verkefnum í starfseminni og virkja þau í að skipuleggja viðburði eða dagskrá og koma eigin hugmyndum í framkvæmd.
- Skoða mætti möguleika á öðrum viðfangefnum og/eða aukinni ábyrgð fyrir börn í 2. bekk.
- Vinna með skipulögðum hætti eftir gátlista um móttöku og aðlögun tvítyngdra barna.
- Gera verkefni úr jafnréttisáætlum Kringlumýrar sýnileg í aðgerðaráætlun Laugarsels.

## MANNAUÐUR

### Það sem vel er gert:

- Starfsfólk þekkir til helstu laga og reglugerða sem snúa að frístundastarfi með börnum.
- Starfsfólk er jákvætt gagnvart þróun á starfinu.
- Starfsfólk kemur fram við öll börn af virðingu og umhyggju.
- Samstarf starfsmanna er gott.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu, hefur trú á gæðum þess og er ánægt í starfi.
- Starfsfólk telur að starf þess sé metið að verðleikum af yfirmanni og samstarfsfólki.
- Starfsfólk telur hæfni sína og þekkingu vel nýttá og finnst það geti haft áhrif á starfið.
- Starfsfólki líður vel og finnst gaman í vinnunni.
- Starfsfólk er ánægt með starfsanda og samskipti á starfsstaðnum.
- Starfsfólk telur að jafnræðis og jafnréttis sé gætt.
- Starfsfólki er hrósað fyrir vel unnin störf.
- Starfsfólki finnst það fá nauðsynlegar upplýsingar og veit til hvers er ætlast af því.

### Tækifæri til umbóta:

- Engin tækifæri skráð.

## STAÐARBRAGUR

### Það sem vel er gert:

- Andrúmsloftið á frístundaheimilinu einkennist af jákvæðni og virðingu.
- Starfsfólk gefur sig að foreldrum og öðrum gestum sem koma og sýnir þjónustulund.
- Starfsfólk og börn leiðbeina, hvetja og styðja hvert annað.
- Starfsemin einkennist af jákvæðu andrúmslofti og gleði.
- Börnunum líður vel og eru ánægð með frístundaheimilið.
- Börnin finna fyrir öryggi í starfinu.
- Börnin eiga greiðan aðgang að starfsfólki.
- Starfsfólk er samtaka í að fylgja eftir reglum og viðmiðum í starfinu.
- Foreldrar hafa jákvætt viðhorf til starfsins.
- Spurningum foreldra er svarað greiðlega af starfsfólki.
- Foreldrum finnst verkefnið sem börnin takast á við fjölbreytt, uppbyggileg og veki áhuga barnanna.
- Foreldrum finnst vera góð samfella í degi barna með tilliti til annars frístundastarfs.

### Tækifæri til umbóta:

- Gera mætti gildi frístundaheimilisins sýnilegri á starfsstaðum.
- Mikilvægt er að starfsmenn kveðji börnin alltaf þegar þau fara.
- Gagnlegt væri að endurskoða reglur frístundaheimilisins með þátttöku barna.
- Æskilegt væri að hafa reglur sýnilegar á veggjum og/eða heimasíðu.
- Gagnlegt væri að senda foreldrum mánaðardagatal fyrir frístundaheimilið sem og upplýsingar um skráningu vegna lengdra daga með góðum fyrirvara.

## INNRA MAT

Engar athugasemdir eru gerðar við þennan matsþátt og hvorki dregið fram það sem vel er gert né það sem betur má fara þar sem innra mat hefur ekki ennþá verið innleitt með formlegum hætti í frístundastarf.

## FYLGISKJAL 1: REKSTARNIÐURSTAÐA 2014-2017

**Rekstrarniðurstaða**

Rekstrarniðurstaða frístundaheimilið Laugarsel frá 2014 – 2017 var eftirfarandi

2014	0,4 mkr. afgangur
2015	1,3 mkr. afgangur
2016	2,7 mkr. afgangur
2017	5,9 mkr. afgangur

Taflan hér að neðan sýnir skiptinguna niður á flokka:

Flokkur	Fjárhæð 2017	Áætlun 2017	Fjárhæð 2016	Áætlun 2016	Fjárhæð 2015	Áætlun 2015	Fjárhæð 2014	Áætlun 2014
Annar rekstrarkostnaður	8.283.980	9.058.320	8.041.577	6.375.243	9.736.580	6.654.359	8.599.697	8.696.165
Laun og launatenggjöld	51.561.955	58.711.086	49.994.164	53.860.317	43.290.438	48.048.855	36.378.827	39.303.053
Tekjur	-22.975.828	-24.936.984	-23.352.696	-22.808.571	-21.256.470	-21.642.731	-24.240.688	-26.819.313
<b>Heildarsumma</b>	<b>36.870.107</b>	<b>42.832.422</b>	<b>34.683.045</b>	<b>37.426.989</b>	<b>31.770.548</b>	<b>33.060.483</b>	<b>20.737.836</b>	<b>21.179.905</b>

**Helstu frávik**

Árin 2014 til 2017 var frístundaheimilið með rekstrarafgangog því rekið undir þeim fjárheimildum sem því var úthlutað. Árin 2014 og 2015 var reksturinn í góðu jafnvægi en árin 2016 og 2017 var það aðallega mannekla sem var þess valdandi að frístundaheimilið skilaði auknum afgangi.

**Árið 2014**

Rekstur í góðu jafnvægi, tekjur 2 m.kr. undir áætlun og launakostnaður 4,7 m.kr. undir áætlun.

**Árið 2015**

Rekstur í góðu jafnvægi, tekjur 0,4 mkr. undir áætlun og launakostnaður 3 m.kr. undir áætlun en annar rekstrarkostnaður 3,3 m.kr. yfir áætlun.

**Árið 2016**

Rekstur skilar 2,7 m.kr. afgangi, aðallega vegna manneklu. Tekjur 0,5 m.kr. yfir áætlun og launakostnaður 3,9 m.kr. undir áætlun en annar rekstrarkostnaður 1,6 m.kr. yfir áætlun.

**Árið 2017**

Rekstur skilar 5,9 m.kr. afgangi, aðallega vegna manneklu. Tekjur 2 m.kr. undir áætlun og launakostnaður 7,2 m.kr. undir áætlun en annar rekstrarkostnaður 0,8 m.kr. undir áætlun.

*Helgi Grétar Helgason, Fjármála- og rekstrarþjónusta SFS*